



Tjaldað til einnar nætur

20 ára þrautarganga



60% af tekjunum fara í leigu

- 60% af tekjunum fara í leigu Vilborg segir lágtekjufólk oft dæmt til að vera á leigumarkaði og er það að borga um 60% af tekjum sínum í leigu á mánuði að frádregnum húsaleigubótum. „Lánskjör til húsaþinga hafa verið að batna að undanförunu og kemur það þeim til góða sem ætla að kaupa sér íbúð. Það er þó óbrúanlegur vandi fyrir lágtekjufólk sem ætla að kaupa sér húsnæði að eiga eigið fé sem aldrei má vera minna en 10% af verði íbúðar. Auk þess sem það er mjög erfitt fyrir þetta fólk að fá einhvern til að skrifa upp á lán fyrir sig.
- Vilborg segir að húsnæðismarkaðurinn sé einnig mjög erfiður fyrir fólk í þessari stöðu. „Þeir sem ekki fá íbúð hjá Öryrkjabandalaginu eða á vegum félagsmálastofnana og eru úti á almennum leigumarkaði eru í mjög vöndum málum,“ segir Vilborg.

Morgunblaðið föstudag 4. apríl 2003. Tillögur starfshóps ASÍ um húsnæðismál

- Til lækkunar húsaleigu: Samhliða auknum framlögum ríkisins í formi vaxtaniðurgreiðslu og/eða stofnstyrkja, auki sveitarfélögin niðurgreiðslur sínar með því m.a. að nýta ekki til fulls hámarksreglur um útreikning leigu t.d. hvað varðar umsýslukostnað, vexti af eigin stofnframlögum og viðhaldsprósentu.
- Til fjölgunar íbúða: Til þess að stækka hinn almenna leigumarkað verði rekstrarumhverfi fyrirtækja sem hyggjast eiga og reka almennt leiguhúsnæði bætt, m.a. með breyttum fyrningarreglum.
- Að auka réttaröryggi leigjenda

Félagssvísar janúar 2019

- Atvinnuþátttaka innflytjenda á Íslandi er hærri en innlendra, innflytjendur þiggja minni félagslegar greiðslur að jafnaði og algengara er að þeir séu ofmenntaðir fyrir störfín sem þeir gegna.
- Einnig kemur fram að fleiri innflytjendur á Íslandi búi í leiguhúsnæði, í lakara húsnæði og fleiri búa við þrengsli og í lakara umhverfi en innlendir.

Húsnæðisaðstæður pólskra innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu – ástand og áskoranir 2015

- Í skýrslunni er bent á að efnahagsstaða pólskra innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu er almennt mun lakari en meðal innfæddra – lægri laun og meira atvinnuleysi – sem aftur veikir samkeppnisstöðu þeirra á húsnæðismarkaði almennt, ekki síður á leigumarkaði þar sem leiguverð hefur hækkað mjög mikið á undanförunum árum. Fram kom að erlendar rannsóknir sýna að innflytjendur og minnihlutahópar standa jafnan höllum fæti á húsnæðismarkaði. Ennfremur var bent á að aðgengi þeirra að sómasamlegu húsnæði á viðráðanlegu verði sé einn af lykilþáttunum í árangursríkri samþættingu innflytjenda (Fonseca, McGarrigle, & Esteves, 2010). Hvaða niðurstöður má svo draga um húsnæðisaðstæður pólskra innflytjenda?

Reykjavík - október 2023

Er hún betri ? Ef svo er, þá fyrir hvern?

Ekki fyrir þá sem eru að leita til okkar.


Leiga komin upp í 410.000. kr.

Bjarg og Blær er það góða sem hefur gerst og þurfum við fleiri íbúðir byggðar af stéttarfélögum.

Hvenær ætlum við að hætta að gera skýrslur og áætlanir (sem eru svo endurnýjaðar með nýjum ráðherrum með nýjum nefndum)?

Verðum að læra að treysta ákvörðunum sem teknar eru og klára að vinna eftir þeim, vonandi þá eftir önnur 20 ár að orð mín árið 2003 séu þá fortíð en ekki veruleiki.

Pólítísk rétthugsun - á hún rétt á sér í húsnæðisvanda þeim sem er viðvarandi hér á landi?



Kerfið – Ó, já það þarf að passa upp á það

- Hann hefur verið að koma til okkar í gegnum tíðina og líka barnsmóðir hans. Hún hafði verið í meðferð og hann einn með barnið þeirra á meðan. Hann býr í ósamþykktu húsnæði, sem er fín íbúð að hans sögn. En þar sem hann er í slíku húsnæði þá fær hann ekki skráningu í þjóðskrá og hefur því engan rétt á húsnæðisstuðningi.
- Barnsmóðir hans veikist og deyr og hann býr með barnið sitt áfram í óskráðu húsnæði. Bæði hann og barnið eru skráð sem ótilgreind í þjóðskrá. Hann fær því ekki þann stuðning sem hann á rétt á, svo sem barna- og húsnæðisbætur og barnalífeyri sem hann þarf svo sannarlega á að halda.
- Það er verið að leita að húsnæði fyrir þau hjá félagsþjónustu og er barnavernd að styðja við þessa brotnu fjölskyldu: „Kerfið“ getur ekki mætt þeim þar sem þau eru stödd og horft fram hjá því að húsnæðið er óskráð. Þau fá því ekki þann fjárhagsstuðning sem þau eiga rétt á þó húsnæðið henti þeim ágætlega. Þessu fólki er ýtt út í fátækt á meðan þau leita að öðru húsnæði og þurfa að reiða sig á aðstoð hjálparstofnana til að hafa ofan í sig og á.